



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjaness

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 14
(354) 845 85 10

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Hafnarfjarðarbær
Guðrún Guðmundsdóttir
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

1. október 2019
MÍ201905-0090 / 6.06 / Þ.H.

Efni: Austurgata 11 í Hafnarfirði - viðbygging

Í tölvupósti 21. maí 2019 óskar Ólafur Ó. Axelsson arkitekt eftir álit Minjastofnunar á viðbyggingu við húsið að Austurgötu 11, Hafnarfirði. Erindinu fylgdu uppdrættir og skýringarmyndir VA arkitekta ehf. er sýna breytinguna.

Þór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness
thor@minjastofnun.is

Húsið við Austurgötu 11 í Hafnarfirði var reist árið 1922 eftir uppdráttum Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins. Þar var upphaflega Símsstöð Hafnarfjarðar og íbúð stöðvarstjóra. Húsið var síðar stækkað svo unnt væri að koma fyrir sjálfvirkri símsstöð sem tók til starfa árið 1932. Samkvæmt húsakönnun frá 2008 er húsið talið hafa mikið varðveislugildi með hliðsjón af byggingarlist og sögu. Eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr sem hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Afgreiðsla málsins hefur tafist töluvert vegna galla við afgreiðslu deiliskipulags fyrir reitinn *Miðbær – Hraun vestur* sem skipulagsráð og bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykktu í febrúar 2019, en þar undir fellur m.a. lóðin Austurgata 11. Minjastofnun Íslands telur að umrætt skipulag sem upphaflega var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í september 2015 hafi ekki uppfyllt lagaskilyrði 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja, en skipulagið kom ekki til umsagnar Minjastofnunar. Óheimilt var að afgreiða skipulagið áður en skráning lá fyrir og staðfesting Minjastofnunar á því. Eins og segir í 16. gr. er jafnframt óheimilt að gefa leyfi til framkvæmda á skipulagsreitnum áður en skráningin liggur fyrir, en Minjastofnun setur reglur um lágmarkskröfur varðandi skráninguna.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Þessar reglur eru nú komnar á vefinn:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=b16a0ee3-05fb-42fd-ac95-eec0e082284b>

Athugasemdir Minjastofnunar um skipulagið eru raktar í bréfi til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar dagsett 4. júlí 2019 og enn frekar í tölvupósti frá 13. september 2019.

Í kjölfarið átti Minjastofnun fund með fulltrúum Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar og Byggðasafns Hafnarfjarðar. Þar var gert samkomulag um að veita undanþágu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Austurgötu 11 og er það gert á grundvelli 16. gr. laga um menningarminjar, en þar segir: *Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.*

Í tengslum við skráningu fornleifa vegna deiliskipulags *Miðbæjarins* sunnan Austurgötu voru minjar jafnframt skráðar á lóð Austurgötu 11 sem liggur á jaðri þess skipulags; Atli Rúnarsson: *Hafnarfjörður. Fornleifaskráning við Reykjavíkurveg, Strandgötu, Austurgötu og Lækjargötu* (Hf, 2018). Þar sem Austurgata 11 liggur utan við hinn skráða skipulagsreit voru áhöld um hvort lóðin hefði verið full skráð og gengin og könnuð á vettvangi. Staðfesting Byggðasafns Hafnarfjarðar liggur nú fyrir um að það hafi verið gert. Byggðasafnið hefur jafnframt unnið húsaskráningu fyrir hús við Austurgötu og telst fornleifa- og húsaskráningin fullnægjandi vegna afgreiðslu þessa byggingarreits. Tvennar fornleifar eru skráðar á lóðinni, grunnur húss sem byggt var skömmu eftir 1889 (nr. 1935-6) og hleðsla af mannvirki sem ekki er vitað frekari deili á (nr. 1935-7). Minjar þessar eru utan fyrirhugaðs byggingarreits við Austurgötu 11 og eiga ekki að verða fyrir raski. Taka þarf fullt tillit til þeirra við framkvæmdirnar svo þær skemmist ekki í ógáti.

Minjastofnun hvetur sveitarfélagið til að hraða lögbundinni skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja á skipulagsreitnum, *Miðbær – Hraun vestur*, svo komast megi hjá frekari töfum vegna framkvæmda á svæðinu.

Viðbyggingin við Austurgötu 11 sem til stendur að reisa er tvílyft og úr steinsteypu. Stækkunin er aðskilin frá upphaflega húsinu en tengist því með léttum tengigangi á efri hæð. Til að minnka sýnilegt umfang er nýbyggingin dregin inn frá götulínu. Við útlitshönnun hennar er tekið mið af veggshæð og takfastri gluggaskipan gamla

hússins. Að mati Minjastofnunar hefur viðbyggingin óveruleg áhrif á varðveislugildi og ásýnd Austurgötu 11 og gerir stofnunin því ekki athugasemd við erindið.

Engar skráðar fornleifar eru á sjálfum byggingarreitnum. Við framkvæmdir í eldri hverfum ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu við allt jarðrask. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Ef spurningar vakna um efni bréfs þessa má snúa sér með þær til undirritaðra.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Þór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness



Pétur H. Ármannsson
arkitekt, sviðsstjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit í tölvupósti:

Ólafur Ó. Axelsson (olafur@vaarkitektar.is)

Byggðasafn Hafnarfjarðar (bp@hafnarfjordur.is)